

28. fundur Skólaráðs haldinn 1.nóvember 2018 kl.16:00

Mætt eru Sigurgeir Guðmundsson skólastjóri, Lena Ósk Guðlaugsdóttir og Sindri Snær Brynjólfsson fulltrúar nemenda. Hulda Karlsdóttir fyrir hönd foreldra, Birta Huld Halldórsdóttir fyrir hönd kennara, Berglind Kristinsdóttir sem situr fyrir hönd grenndarsamfélagsins og Lovísa Sigurðardóttir sem situr fyrir hönd annars starfsfólks. Særún Sæmundsdóttir ritaði fundargerð. Auður Erla Logadóttir og Ingibjörg Þóra Heiðarsdóttir boðuðu forföll.

Á síðasta fundi skólaráðs var ákveðið að á þessum fundi yrði fjallað um mötuneytið og mötuneytismál og voru því Hafdís Dóra Sigurðardóttir og Gréta Þorsteinsdóttir boðaðar á fundinn til skrafs og ráðagerða.

Sigurgeir sagði frá því að mælingar skólapúlsins hafa verið afar jákvæðar undanfarin ár gagnvart skólamötuneytinu en aðeins hefur verið fundið að ákveðinni grautartegund, forsoðnum kartöflum og unnum mati almennt. Lena og Sindri sögðu frá því að almennt væru allir ánægðir með matinn en einhverjum nemendum finnst matartíminn of stuttur. Dóra sagði að alltaf væru í boði bæði forsoðnar og hýðiskartöflur. Sigurgeir sagði frá almennri ánægju með grænmetisbarinn. Dóra og Gréta sögðu að gjarnan mætti veri meira um að krakkarnir borðuðu grænmeti en minna færi úr honum núna heldur en í fyrra. Lovísa talaði um mikilvægi þess að breyta til í grænmetisbarnum þ.e. þar mætti kynna einhverjar nýjungar t.d. túnfiskur og núðlur. Dóra sagði að í grænmetisbarnum væru stundum kynntar nýjungar og núna væri t.d. pasta sem m.a. er hugsað í stað matar ef einhver getur eða vill ekki borða það sem er í boði sem aðalréttur. Rætt um möguleikann á því að nemendur skammti sér sjálfir. Línan í mötuneytinu bíður ekki upp á að yngri nemendur skammti sér sjálfir en alveg má hugsa sér að leyfa eldri nemendum að skammta sér sjálfir. Hulda sér ekkert neikvætt við að nemendum sé skammtað ef það er gert á fallegan hátt. Hugmynd kom upp um að fá nemendur með í verkefni er tengist matarsóun til að minnka enn frekar það sem henda þarf af mat úr mötuneytinu ákveðið að koma þessari hugmynd til grænánanefndar/kennara. Lovísa sagði frá því að skóladagheimilið nýtir alla afgang ávexti úr mötuneytinu. Umræða hvernig minnka má hávaða í mötuneytinu, Lovísa kom með uppástungu um að byrja matartíma barnanna á slökun, Sigurgeir bent á hvort mætti spila róandi tónlist.

Sigurgeir ræddi um mikilvægi þess að gestir í mötuneytinu og starfsmenn sundlaugarinnar skrifi undir trúnaðaryfirlýsingu varðandi hluti sem upp geta komið í mötuneytinu og tengjast nemendum.

Næsti fundur skólaráðs verður mánudaginn 10. desember kl.16:00 verður rætt um hvernig tvíanna má saman leiðarljós skólans og einkunnarorð.

Fleira ekki tekið fyrir og fundir slitið kl. 17:00
Særún Sæmundsdóttir